

Leikskólinn Teigasel



Deildarnámskrá

Teigakots

2017-2018

Á Teigakoti viljum við efla:

- sjálfstraust, sjálfshjálp og sjálfsmynd barna
 - málþroska og málskilning barna
- getu barna til að mynda góð tengsl við börn og fullorðna
- getu barna til að vinna í stórum og litlum hópum
 - getu barna til að læra samskiptareglur

Efnisyfirlit

Teigakot skólaárið 2017-2018.....	4
Starfsfólk á Teigakoti og vinnutími þeirra:	4
Dagskipulag Teigakots.....	4
Þátttökuaðlögun.....	5
Hópastarf	6
Skipulag hópastarfs;.....	6
Hópaskipting;.....	Error! Bookmark not defined.
Málörvun	7
Stærðfræði	7
Stöðvavinna	7
Myndlist.....	7
Hreyfing.....	7
Könnunarleikur.....	8
Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna	8
Samþætt og skapandi leikskólastarf	9
Læsi og samskipti	9
Heilbrigði og vellíðan.....	10
Sjálfbærni og vísindi.....	10
Sköpun og menning	11
Daglegt líf í leikskóla	11
Leikurinn	11
Upphaf og lok dags.....	11
Fataherbergi.....	12
Matartímar	12
Hreinlæti	12
Hvíld	12
Samverustundir.....	12
Umgengni	13
Útivera og hreyfing.....	13
Annað starf	13
Tákn með tali	13
Árvissir viðburðir á Teigakoti	13
Árgangahittingur.....	13
Sveitaferð.....	Error! Bookmark not defined.

Hagnýtar upplýsingar	14
Forföll nemenda.....	14
Sérfæði í leikskólum.....	14
Lyfjagjafir í leikskólum	14
Afmælis dagar nemenda	14
Fataherbergi og fatnaður.....	14
Foreldrasamstarf	15

Teigakot skólaárið 2017-2018

Á Teigakoti dvelja þetta skólaárið 23 börn, 2 börn fædd árið 2014, 18 börn fædd árið 2015 og 3 fædd árið 2016. Við leggjum áherslu á góða líðan barna og góð og jákvæð samskipti við börn og foreldra. Við skipuleggjum starfið í byrjun vetrar og aðlögum starfið að þeim barnahóp sem er á deildinni hverju sinni.

Starfsfólk á Teigakoti og vinnutími þeirra:

- **Sigga Ása** leikskólakennari/ deildarstjóri 7³⁰-15³⁰
- **Guðný Birna** félagsmála og tómstundafræðingur 8⁰⁰-16⁰⁰/8¹⁵-16¹⁵/9-17
- **Rannveig** leiðbeinandi 9⁰⁰-13⁰⁰
- **Ela** leikskólakennari 8⁰⁰-16⁰⁰/8¹⁵-16¹⁵/9-17
- **Eyja Þóra** leiðbeinandi 8⁰⁰-16⁰⁰/8¹⁵-16¹⁵/9-17
- **Valdís** leikskólakennari/sérkennslustjóri 8-8³⁰
- **Soffía** Sérkennsla
- **Ína** leiðbeinandi, 12-16 mánud., miðvikud. og föstud., leysir af undirbúning.
- **Valgerður** veikinda afleysing

Upplýsingar

Teigasel 433 1280

Teigakot 433 1287

Heimasíða www.teigasel.is

Netfang deildarstjóra:

sigridur.asa.bjarnadottir@teigasel.is

Dagskipulag Teigakots

Dagskipulagið á Teigakoti miðast við að mæta þroska barnanna sem þar eru. Yfir daginn eru margar stundir sem nýtast til að efla færni barnanna í athöfnum daglegs lífs.

7.30	Leikskólinn opnar á Teigakoti
8.00-9.00	Morgunmatur og leikur
9.00-11.00	Hópastarf og útivera
11.05-11.20	Lestrarsamvera
11.20-11.50	Hádegismatur
11:50-13.00	Hvíld
13.00-14.20	Hvíld og leikur inni/úti
14.20-15.00	Nónhressing
15.00-16.15	Leikur inni/úti
16.15-16.45	Deildir sameinast í leik á Miðteig

Þátttökuaðlögun

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi barnsins og foreldranna. Hér í Teigaseli er notuð þátttökuaðlögun sem byggist m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd og forvitni yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. **Öruggir foreldrar = örugg börn.** Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Þeir kynnast ekki bara starfsfólki heldur öðrum börnum og foreldrum. Þátttökuaðlögun byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera *skilið eftir* í leikskólanum, heldur sé það að *læra að vera í nýjum aðstæðum*. Það skiptir mjög miklu máli að foreldrar komi með jákvæðum og opnum hug og séu duglegir að spyrja starfsfólk út í starfið og það sem því viðkemur og jafnframt láta vita ef það er eitthvað sérstakt varðandi barnið sem gott er að starfsfólk viti.

Aðlögunin byggist á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Foreldrar eru með börnum sínum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og útteila verkefnum.

Byrjað er á að boða foreldra á fund þar sem farið er yfir þátttökuaðlögun, starfið í leikskólanum og starfsfólk deildarinnar er kynnt.

Þátttökuaðlögun byggir á að foreldrar eru með börnum sínum í þrjá daga:

- Dagur 1 frá kl. 9.00-11.00
- Dagur 2 frá kl. 8.30-15.00 (ef barn er til 12 eða 14 þá miðast lokatími við þann tíma).
- Dagur 3 frá kl. 8.00-15.00 (ef barn er til 12 eða 14 þá miðast lokatími við þann tíma)

Á fjórða degi koma börnin á sínum tíma um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Hafa skal í huga að börn eru eins misjöfn og þau eru mörg og þar af leiðandi þurfa þau mislangan tíma til að venjast nýjum aðstæðum. Einstaka börn þurfa að hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá.

Hópastarf

Barnahópnum er skipt í fjóra hópa og er endurskoðað eftir þörfum. Við vinnum eftir námsáætlun sem er unnin samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla þar sem námssviðin fléttast saman og höfum gleði og leik í fyrirrúmi.

Skipulag hópastarfs;

Guli hópur	Rauði hópur
Brynjar Óli Jón Valur Kristófer Kári Theodór Willy Þórður Hrafn Sturla	Aþena Ragnhildur Guðmundur Ágúst Jakob Smári Lana Hameed Sigríður Sóley Óliver Ágúst
Græni hópur	Blái hópur
Máney Rós Naomi Carla Óliver Hafsteinn Stefanía Sóley Aron Máni Berta Eir	Jóhannes Egill Lilian Jóna Laufey Stefán Þórarinn Villimey Aurora

Vika 1-3	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Guli hópur	<u>Králakot</u> Könnunarleikur	<u>Frammi</u> Fínhyfingur	<u>Krakkakot</u> Málörvun/ Stærðfræði	Útivera
Rauði hópur	Útivera	<u>Králakot</u> Könnunarleikur	<u>Frammi</u> Fínhyfingur	<u>Krakkakot</u> Málörvun/ Stærðfræði
Græni hópur	<u>Krakkakot</u> Málörvun/ Stærðfræði	Útivera	<u>Králakot</u> Könnunarleikur	<u>Frammi</u> Fínhyfingur
Blái hópur	<u>Frammi</u> Fínhyfingur	<u>Krakkakot</u> Málörvun/ Stærðfræði	Útivera	<u>Králakot</u> Könnunarleikur

Vika 4	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Guli hópur	Myndlist	Útivera Gönguferð	Myndlist/Útivera	Útivera/ Leikur inni
Rauði hópur	Myndlist	Útivera Gönguferð	Myndlist/Útivera	Útivera/ Leikur inni
Græni hópur	Útivera Gönguferð	Myndlist	Myndlist/Útivera	Útivera/ Leikur inni
Blái hópur	Útivera Gönguferð	Myndlist	Myndlist/Útivera	Útivera/ Leikur inni

Málörvun

Við leggjum áherslu á að efla orðaforða barnsins og fléttum málörvun inn í leik og daglegt starf á Teigakoti. Í hópavinnu er meðal annars unnið með bókina Lubbi finnur málbein, sem er bók um íslensk máhljóð. Þetta er í raun hljóðanáms í þrívídd þar sem börnin sjá stafinn, heyra hljóðið og gera tákni (Lubbatákni).

Við þjálfum málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtaka-skilning barnanna, og börnin fá tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir í gegnum söng, tjáningu og leik.

Stærðfræði

Stærðfræði er undirliggjandi í daglegu starfi deildarinnar. Í hópátímum vinnum við markvisst með talnaskilning. Talnarunan er kynnt fyrir börnunum og hvernig magn og tölustafir tengjast saman. Við leggjum áherslu á að telja, flokka, vinna með formin og spila t.d. bingó og samstæðuspil.

Stöðvavinna

Leggjum við áherslu á að efla fínhyrfingar barnanna, að kenna þeim samskipti og félagsfærni. Þau æfa sig að perla, pinna, klippa, lita, þræða og púsla. Við förum í skipulagða leiki og æfum samskiptareglur t.d. að skiptast á, gera saman o.s.frv.

Myndlist

Myndlist er mikilvægur tjáningarmiðill og hafa börn mikla þörf fyrir að tjá sig í gegnum myndmál. Börnin skapa hin ýmsu listaverk með því að lita, mála, teikna, leira og líma. Við bjóðum þeim upp á fjölbreyttan efnivið og gefum þeim tækifæri til að vinna, hvert á sínum forsendum. Reynsla og tilfinningar barna endurspeglast oft í myndverkum þeirra. Börnin fá útrás fyrir sköpunar- og rannsóknarþörf sína, þjálfu samhæfingu handa og augna og fín- og grófhreyfingar.

Hreyfing

Í hópastarfi förum við í útiveru í smærri hópum. Farið er í stuttar gönguferðir um nærumhverfið, garðurinn er nýttur til skipulagðra leikja og börnin fá tækifæri til að rannsaka, skoða og leika sér á sínum forsendum í garðinum. Á milli kl. 12 og 13 á daginn nýtum við salinn til léttra leikja. Á þriðjudögum setjum við upp þrautarbraut og fá börnin þá góða æfingu.

Könnunarleikur

Könnunarleikurinn (heuristic play) byggir á því að bjóða börnunum upp á aðgang að efnivið sem þau geta leikið sér með, kannað og gert uppgötvanir upp á eigin spýtur. Þau þarfnast mikillar fjölbreytni til að geta stundað þessar rannsóknir sínar, hluti sem eru óhefðbundnir og áhugaverðir.

Með könnunarleiknum gefum við barninu tækifæri til að uppgötva margvíslegan efnivið og þroska athyglisgáfur sínar. Boðið er upp á könnunarleikinn á afmörkuðu svæði sem er nógu stórt til að börnin geti hreyft sig töluvert um.

Leikefnið er til dæmis :

- Mismunandi tegundir af ílátum: ýmiskonar ílát úr plasti, plastflöskur í mismunandi stærðum o.fl.
- Hlutir sem rúlla: filmubox, tvinnakefli, pappahólkar o.fl.
- Aðrir hlutir: þvottaklemmur úr tré, keðjur af ýmsum gerðum, krukkulok, gardínuhringir, gamlir lykklar, svampar og fleira sem til fellur.

Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna

Til að finna þau börn sem fyrst sem þurfa á meiri þjálfun að halda notumst við, við Bjargir úr bókinni Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna.

Börn eru misjöfn eins og þau eru mörg, sum ná málinu eins og ekkert sé á meðan önnur þurfa meiri þjálfun og aðstoð til að ná því.

Snemmtæk íhlutun í málörvun felst meðal annars í því að greina málþroskafrávik og skilgreina hver vandinn er í samvinnu við foreldra. Með því að senda gátlista heim til foreldra fáum við aðeins mynd á það hvernig þeir meta stöðu barnsins. Út frá þeim upplýsingum flokkum við börnin í áhættuhópa, þarfir þeirra eru skilgreindar og unnið með þau sérstaklega.

Flokkarnir eru;

- Sein/n til tals
- Fjölskyldusaga um mál og/eða lestrarerfiðleika
- Fjöl/tvítyngi
- Athugasemdir frá heilsugæslu eftir 2 ½ árs skoðun.
- Útkoma úr TRAS listunum

Foreldrar barna sem tilheyra þessum hóp fá síðan afhendan lista sem heitir Orðaskil eftir áramót, en þar er skoðaður orðaforði og setningarmyndun hjá barninu. Í samvinnu við foreldra er síðan send beiðni til talmeinafræðings ef við talin er þörf á því.

Þegar líða fer á haustið og starfsmenn deildarinnar hafa kynnst barninu betur fá þeir lista úr *Bjargir* til að fylla út, sá listi sýnir mat starfsmanna á barninu.

TRAS

Í Teigaseli erum við líka með *TRAS* sem er skráning á málþroska ungra barna. Skráningin er faglegt matstæki sem gefur starfsfólki tækifæri til að fylgjast með og fá yfirsýn yfir málþroskaframvindu barns Starfsmaður sem þekkir vel barnið fyllir hann út þegar barnið hefur náð ákveðnum aldri. *TRAS* mun fylgja barninu í gegnum leikskólagönguna og miðast við að athugun sé gerð tvisvar á ári. Þannig getur starfsfólk fylgst með framförum barnanna í málþroska og gripið inn í og komið með viðeigandi stuðningsaðferðir.

Þau atriði sem skoðuð eru :

- Samleikur/félagsfærni
- Tjáskipti/samskipti
- Athygli/einbeiting
- Málskilningur
- Málvitund
- Framburður
- Orðaforði
- Setningamyndun

Samþætt og skapandi leikskólastarf

Samþætt og skapandi leikskólastarf er grunnur að þeirri hugmyndafræði sem unnið er með á deildinni. Unnið er eftir Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og þar er námi barna skipt upp í fjögur námssvið: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning*. Námsþáttunum eru gerð ítarlegri skil í skólanámskránni okkar sem finna má á heimasíðu Teigasels.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og nota ýmsar aðferðir til að tjá sig í samskiptum við aðra. Læsi er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja og túlka. Barn þarf að búa yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og skoðanir, tilfinningar og langanir og þannig að taka þátt í að móta umhverfi sitt.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið þekki tilfinningar sínar, langanir og þarfir.• Að barnið læri að tjá sig og geti sett sig í spor annarra.• Efla markvisst málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning barnsins.• Að barnið beri virðingu fyrir náttúrunni, lífríki hennar og hlutum í umhverfi sínu.	<ul style="list-style-type: none">• Frjáls leikur• Útivera• Hópastarf• Samverur• Tákn með tali• Myndrænt skipulag

Heilbrigði og vellíðan

Velferð barna skiptir miklu máli og að þau finni umhyggju, hlýju og njóti virðingar. Góð líðan er forsenda þess að barn vaxi, dafni og þroskist á eðlilegan hátt í leik og starfi.

Meirihluti barna eyðir stórum hluta dagsins í leikskóla. Mikilvægt er að stuðla að heilbrigði og vellíðan þeirra á meðan þau dvelja þar.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið fái tækifæri til að efla gróf- og fínhreyfingar.• Að barnið fái útrás fyrir hreyfiþörf sína, auki þol, einbeitingu og styrk.• Að jafnvægi sé milli hreyfingar og hvíldar / slökunar.• Að barnið fái hollan og góðan mat.• Að barnið læri að sinna persónulegri umhirðu og hreinlæti.• Að barnið fái notið jákvæðra samskipta við börn og fullorðna.	<ul style="list-style-type: none">• Frjáls leikur• Skipulagðar hreyfistundir• Útivera• Æfum góðar hreinlætisvenjur.• Samverur og næðisstundir• Matmálstímar

Sjálfbærni og vísindi

Börnum er það eðlislægt að kanna nánasta umhverfi sitt. Þau gera það með því að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, rannsaka og upplifa. Mikilvægt er að kenna þeim að bera virðingu fyrir náttúrunni og ganga vel um hana. Með vísindanámi aðstoðum við börn að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkjum skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið kynnist umhverfi sínu og beri virðingu fyrir því.• Að barnið læri um liti, form, flokkun, talningu o.s.frv.• Að barnið læri að klæða sig .• Að ýta undir áhuga barnsins til að kanna og uppgötva margvíslegan efnivið.	<ul style="list-style-type: none">• Útivera• Endurvinnsla• Hópastarf• Gönguferðir• Könnunarleikur• Frjáls leikur

Sköpun og menning

Við leggjum áherslu á að sköpunargleði barna fái að njóta sín í öllu daglegu starfi. Við gerum þeim kleift að nálgast viðfangsefnið frá ólíkum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk kennarans er að finna leiðir til að hvetja börnin til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Efniviður er hafður aðgengilegur og þannig geta þau skapað að eigin vild.

Í Teigaseli hafa skapast hefðir sem eru orðnar hluti af menningu okkar og hafa mótast af börnum og starfsfólki leikskólans.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið fái að njóta þess að taka þátt í skapandi ferli.• Að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu.• Að efla fín- og grófhreyfingar.• Þroska næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda.• Að barnið kynnist hinum ýmsu hátíðum, venjum og hefðum í íslensku þjóðlífi.	<ul style="list-style-type: none">• Samverur• Hópastarf• Gönguferðir• Þátttaka barnanna í undirbúningi ýmissa hátíða• Tökum þátt í ýmsum viðburðum samfélagsins

Daglegt líf í leikskóla

Leikur, vinna og nám eru hugtök sem fléttast saman á ýmsan hátt í leikskólastarfi. Börn á leikskólaaldri læra fyrst og fremst í gegnum leik og í daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Þau þurfa að fá að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskólans þarf að vera þannig úr garði gerður að hann vekir áhuga og forvitni barnanna, eflir sjálfstæði þeirra, frumkvæði, virkni og gleði.

Leikurinn

Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barnsins. Leikurinn er því kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Kennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja hvetjandi leikumhverfi. Upplifun barna glæðir leikinn lífi og innihaldi.

Upphaf og lok dags

Í Teigaseli er lagt upp úr því að taka vel á móti börnum og kveðja þau í lok dags þannig að börn og foreldrar finni að þau séu velkomin. Það skiptir miklu máli að fá hlýjar móttökur og skapa þannig örugg og jákvæð tengsl milli barns, foreldra og starfsfólks.

Fataherbergi

Í fataherbergi erum við með sjónrænt skipulag þar sem börnin sjá hvernig þau eiga að klæða sig hverju sinni. Börnin fá leiðbeiningu og stuðning frá kennurum en mikilvægt er að hvetja börnin að gera sem mest sjálf. Þannig öðlast þau góða færni í sjálfshjálp og þjálfna gróf- og fínhreyfingar. Áhersla er lögð á að gefa hverju og einu barni þann tíma sem það þarf.

Matartímar

Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi samræðna t.d. um borðsiði, hollustu og fleira.

Starfsmaður situr til borðs með börnunum, er þeim góð fyrirmynd og skapar festu og ró.

Barnið lærir að borða með hnífapörum og æfir sig í að smakka á því sem boðið er upp á.

Matseðill er settur inn á heimasíðu leikskólans og í fataherbergi deildarinnar. Eftir nónhressingu æfa börnin á Teigakoti sig í að ganga frá disknum sínum og glasi.

Hreinlæti

Mikilvægt er að börn læri góðar hreinlætisvenjur í leikskólanum. Mörg börn eru með bleyju þegar þau byrja á Teigakoti. Foreldrar koma með bleyjur og blautþurrkur/klúta fyrir barnið. Í samráði við foreldra hvetjum við börnin til að nota salerni og fá þau stimpil á höndina sem verðlaun. Mikilvægt er að þekkja þarfir og þroska hvers barns og veita því aðstoð af nærgætni og hlýju.

Hvíld

Tekið er tillit til þarfa hvers einstaklings, meðan sumir þurfa svefn, fá aðrir rólega stund þar sem hlustað er á sögur og ævintýri.

Foreldrar koma með kotta og sæng/teppi fyrir þau börn sem leggja sig í leikskólanum. Einnig ef börn nota snuð og/eða t.d. bangsa þá er gott að hafa það með til að veita barninu öryggi að heiman. Leikskólinn útvegar dýnur og lök. Sængurfatnaður er sendur heim í þvott í lok hvers mánaðar.

Samverustundir

Á Teigakoti eru þrjár samverustundir yfir daginn þar sem börnin eru í misstórum hópum. Samverustundir eru nýttar til að lesa bækur, fara í ýmsa leiki, syngja og tala saman. Við förum yfir dagatalið, ræðum heiti daga og mánaða og leggjum inn þrjú ný tákn vikulega sem farið er yfir á hverjum degi.

Alstundir eru einu sinni í mánuði í salnum. Allar deildirnar hittast og eiga saman notalega stund með söng, dansi, leikjum og uppákomum. Sungið er fyrir afmælisbörn hvers mánaðar.

Umhengni

Góð umhengni og frágangur er mikilvægur þáttur í daglegu starfi í leikskólanum. Með því læra börnin að bera virðingu fyrir eignum sínum og annarra, hvort sem um er að ræða leikföng eða annan efnivið. Við leggjum áherslu á að börnin hjálpist að við að ganga frá eftir leik, hvort sem það er inni á deild eða í útiveru.

Útivera og hreyfing

Hreyfing er börnunum nauðsynleg og fá þau útrás fyrir hana í gegnum leiki, þrautir í sal og útiveru. Í útiveru komast börnin í snertingu við náttúruna læra að meta sitt nánasta umhverfi. Útileiksvæði leikskólans býður upp á fjölbreytta möguleika til allskonar hreyfileikja. Við leggjum áherslu á að börnin fari í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru einn þáttur útiverunnar, farið er í gönguferðir, skoðunarferðir og heimsóknir. Með því að fara í gönguferðir kynnast börnin nær- og fjærumhverfi sínu og þol þeirra eykst.

Skipulagðar hreyfistundir eru einu sinni í viku þar sem börnin fá útrás fyrir hreyfipörf sína. Þau auka líkamlegt úthald sitt, efla samhæfingu hreyfinga og jafnvægi sem eykur öryggi þeirra og færni til að stjórna eigin líkama. Einnig er á Teigkoti aðstaða til að bjóða upp á *hopp og skopp* þar sem lagðar eru niður dýnur þar sem börnin fá að hamast og hreyfa sig.

Annað starf

Tákn með tali

Tákn með tali byggir á náttúrulegri tjáningu og tilbúnum táknum. Táknin eru notuð sem stuðningur við talmál og ganga út á að táknuð eru lykilorð setninga. Tákn með tali er notað í daglegu starfi á Teigakoti. Þrjú tákn eru lögð inn vikulega á öllum deildum leikskólans. Öll börn fá sitt eigið tákn þegar þau byrja í leikskólanum.

Árvissir viðburðir á Teigakoti

Árgangahittingur

Á hverju vori er haldinn árgangahittingur allra leikskólabarna á Akranesi. Yngsti árgangurinn hittist í Vallarseli og næst yngsti árgangurinn hittist í Akraseli. Við höfum gaman saman, leikum okkur og borðum saman hádegisverð.

Hagnýtar upplýsingar

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda til leikskólans Teigasels í síma 433-1280 eða á netfangið teigasel@teigasel.is. Jafnframt er hægt að hringja beint inn á Teigakot (433 1287) eftir kl.8.00.

Innivera barns er á ábyrgð foreldra og starfsmenn leikskólans treysta foreldrum til að meta þörf barnsins fyrir inniveru.

Sérfaði í leikskólum

Í þeim tilfellum þar sem barn þarf sérfaði vegna fæðuofnæmis, óþols eða sjúkdóma, ber foreldrum samkvæmt starfsreglum Akraneskaupstaðar að framvísa læknisvottorði frá barna- eða ofnæmislækni til leikskólastjóra, skal það endurnýjað einu sinni á ári.

Lyfjagjafir í leikskólum

Samkvæmt starfsreglum Akraneskaupstaðar er börnum ekki gefin lyf nema læknir meti það svo að tímasetningar lyfjagjafar þurfi að koma inn á leikskólatíma barnsins.

Afmælis dagar nemenda

Afmælisdagurinn er stór dagur í lífi barnsins og í leikskólanum er ýmislegt gert til að gera daginn eftirminnilegan. Boðið er upp á að barnið komi með afmælis sögu að heiman sem inniheldur t.d. sögu af barninu sjálfu eða einhverju sem það vill segja frá. Kennari aðstoðar barnið við að draga íslenska fánann að húni. Barnið gerir kórónu og sérstök afmælis samvera er haldin þar sem kveikt er á kertum, lesin afmælis saga, afmælis söngurinn sunginn og barnið fær að velja sér óskalög, eitt fyrir hvert aldursár. Í Alstund sem er haldin síðasta föstudag í mánuði er sungið fyrir afmælis börn mánaðarins og býður leikskólinn upp á afmælis köku eftir hádegismatinn.

Fataherbergi og fatnaður

Í fataherbergi er plastkassi á hillu fyrir ofan hólfið hvers barns undir aukaföt. Mikilvægt er að merkja allan fatnað barnsins og koma með útiföt og skófatnað sem hentar íslensku veðri. Mikilvægt er að ganga frá hólfi barnsins í lok dags og setja skófatnað upp á rimlahillur. Óhrein föt þarf að taka heim og þvo. Á föstudögum þarf að tæma fatahólf barnsins, taka allan fatnað og skó svo hægt sé að þrifa hólfin.

Þegar við notum föt úr kassa barnsins þá merkjum við það á kassann, þegar fyllt er á kassann aftur viljum við að merkingin sé strokuð út. Og endilega verið dugleg að fylgjast með hvort það vantar eitthvað í kassann eða af útfötum.

Foreldrasamstarf

Samvinna sem byggir á gagnkvæmu trausti og jákvæðni er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni. Ýmsar hefðir eru í skólastarfinu þar sem leitast er eftir því að bjóða foreldrum inn í skólann. Með góðri samvinnu gengur allt miklu betur og velferð barnanna er í brennidepli.

Foreldrasamstarf fer fram með daglegum samskiptum, tölvupósti, foreldraviðtölum og foreldrafundi. Einnig erum við með lokaðar fésbókarsíður fyrir hverja deild þar sem við setjum inn myndir og fréttir frá leik og starfi. Foreldraviðtöl eru í október og mars og lögð er áhersla á að allir foreldrar hafi tækifæri til að koma í þau viðtöl. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali við deildarstjóra ef þörf þykir.